

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hofsóskaupún.

42

7. marz

1. gr.

Höfnin takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 500 metra vestan við Naustaklett og að norðan og sunnan af tveim línunum hornrétt á þá línu að norðan um Naustaklett og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

2. gr.

Hreppsnefnd Hofshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og eru þeir kosnir af hreppsnefnd Hofshrepps til þriggja ára í senn, og gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

Einn nefndarmanna skal einnig eiga sæti í hreppsnefnd Hofshrepps, og tveir nefndarmanna skulu ávallt vera búsettir í kaupúninu eða nágrenni.

3. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefir þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem talin eru í þessari reglugerð, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd gefa hafnarverði erindisbréf, er greinir sem skýrast störf hans og skyldur.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hans og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það til hafnarnefndar, en skipun starfsmannsins ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á, og í einstökum tilfellum, svo sem til að skjóta hvali eða seli.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði,

42 sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra. Áliti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar í hvert sinn.

8. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarvarðar og landeiganda. Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki er nú eru, og ekki heldur fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum eða bátum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert sinn skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja bátum eða skipum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarvarðar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur verði skipum ógreiður eða tálmi ferð uppskipunarbáta milli skipa og bryggju. Skip mega aldrei leggja út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

10. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar eða flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og áhyrgð eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni og uppfyllingunni. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að úr því sé bætt tafarlaust.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðarins.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að vikja, meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur ris, ræður hafnarvörður, í hvaða röð skip komast að bryggju.

14. gr.

42

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert á þeirra kostnað.

7. marz

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burtu og tekið gjald fyrir flutning og geymslu.

Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinaleysi á bryggju eða bryggjulöð.

16. gr.

Gjaldskrá.

1. Lestargjöld: Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mæld eru til lestatals, skulu greiða í lestargjald 5 aura af hverri nettó smálest í hvert sinn, er þau leggjast á Hofsóshöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Gjaldið skal reikna af heilum tonnum, en minna en hálfu skal sleppt. Lægsta gjald fyrir skip skal þó vera 1 króna.
2. Bryggjugjöld: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiði í bryggjugjald 5 aura af netto smálest fyrir allt að sólarhring, þó ekki minna en kr. 2.00 fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestatals, og ekki minna en kr. 1.00 fyrir smærri báta.
3. Vélbátar heimilisfastir í Hofsós, og aðrir bátar minni en 8 smálestir, sem leggja upp afla sinn þar, greiða árlega $\frac{1}{4}\%$ af verðmæti þeirra sjávarafurða, sem þeir afla og selja til útlanda eða umboðssala.
4. Stærri bátar, sildveiðaskip og togarar greiði 1% af heildarafla. Heimilt er hafnarnefnd að lækka gjald þetta með sérstöku samningi.
5. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl sem hér segir:
 - a. Af timbri 4 aura teningsfetið.
 - b. — öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir máli, 10 aura teningsfetið.
 - c. — tómunum uppsettum tunnum 5 aura stykkið.
 - d. — saltfiski í pökkum 10 aura hver 100 kg.
 - e. — hestum og nautgripum 1 króna stykkið.
 - f. — sauðfé og geitum 20 aura stykkið.
 - g. — kindarskrokkum 3 aura stykkið.
 - h. — sildartunnum 10 aura stykkið.
 - i. — kjöttunnum og lýsi 20 aura.
 - j. — öllum öðrum út- og innfluttum vörum 2 krónur fyrir smálest.

Þó skal lægsta gjald af að- og brottfluttum vörum, þegar um smærri sendingar er að ræða, aldrei vera minna en 12 aurar. Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

Fyrir vörur eða muni, sem hafnarvörður verður að taka til geymslu í húsum hafnarinnar, greiðast 5 aurar fyrir stykkið yfir sólarhringinn, eða eftir samningi, ef um lengri tíma er að ræða.

6. Ljósagjald: Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 15. maí og lestargjöld greiða, skulu greiða kr. 2.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, þó aldrei yfir 10 kr. á ári.

Smærri skip og bátar undir 8 smálestum greiði hálf gjald.

- 42 7. Vatnsgjald: Þeir, sem ekki hafa gerst sérstaka samninga um kaup á vatni frá
7. marz vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 2.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00.

Herskip, varðskip og skemmtiskip eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar eru undanþegin gjöldum, þó hefir þetta ekki áhrif á lestagjald skipsins eða bryggjugjald.

Um einstaka liði þessarar gjaldskrár getur hafnarnefnd samið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, en til þess þarf samþykki hreppsnefndar.

17. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Hafnarnefnd á heimting á að fá afrit af farmskrám skipa. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, er koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem flytur vöruna, er komið á höfnina. Vörugjald af vörum, sem flytja á úr höfninni, fellur í gjalddaga um leið og varan er skráð á farmskrá skipsins. Getur hafnarnefnd krafizt tryggingar fyrir greiðslu á vörugjaldinu áður en varan er flutt á skipsfjöl. Ákveðin árgjöld til hafnar eða bryggju greiðast fyrir 1. október ár hvert.

Hafnarnefnd hefir haldsrétt á vörum og afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

18. gr.

Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annara tekna hafnarinnar, og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

19. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda af skipi sínu.

20. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, mannvirki, geymsluhús og tæki, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald sem ákveðið er með samningi.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

22. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri eða formaður, sem fer úr höfn án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

23. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu skaða þann, sem af skemmdunum hlýzt. Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

24. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

25. gr.

42

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

7. marz

26. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

27. gr.

Með þessari reglugerð er felld úr gildi reglugerð fyrir notkun bryggju í Hofsós frá 21. des. 1931.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós, til að öðlast gildi 1. apríl 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

43

um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

7. marz

Samkvæmt lögum nr. 70 frá 1937 hafa verið sett eftirfarandi ákvæði um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

1. gr.

Verðlagsnefnd hefir eftirlit með því, að ákvörðunum um hámarksverð eða hámarksalágningu sé fylgt. Ennfremur er ráðherra heimilt að fela lögreglustjórum eða tollgæzlumönnum eftirlitið eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

2. gr.

Skal eftirlitsmönnum heimilt að krefjast hverra þeirra upplýsinga, er þeir telja nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits samkvæmt 1. gr. Þar á meðal skal þeim heimill aðgangur að vörubirgðum, bókum og skjölum varðandi verzlunina, enda séu eftirlitsmennirnir bundnir þagnarskyldu samkvæmt 7. gr. framangreindra laga.

3. gr.

Við eftirlit sitt skulu eftirlitsmenn færa athugasemdir sínar í sérstakar gerðabækur, og skal þeim heimilt að krefjast þess, að verzlunareigendur eða fulltrúar þeirra kvitti fyrir að bókun um innkaupsverð og útsöluverð sé rétt.

4. gr.

Allir þeir, sem selja vörur beint til neytenda og verðlagsákvæði hafa verið sett um, skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, merkja vörunar með útsöluverði eða auglýsa útsöluverðið á svo áberandi hátt á sölustaðnum, að auðvelt sé fyrir viðskiptamennina að lesa það.

Á þetta undantekningarlaust við um þær vörur, sem settar eru til sýnis í búðargluggum, sýningarkössum eða á annan hátt.

Verðið má setja á vöruna sjálfa á viðfestan miða, eða á umbúðir vörunnar.